



Reykjavík 13. apríl 2016

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150- Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 með síðari breytingum þingskjal 288,261. mál (lenging fæðingarorlofs, hækkun á hámarksgreiðslu).

Félag einstæðra foreldra fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, annars vegar lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og hins vegar hækkun á hámarksgreiðslu.

Fyrsta æviárið í lífi sérhvers barns er mikilvægasta mótunarskeið bernskunnar og eru nán og örugg tengsl afar brýn. Því ber að fagna lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Ótal rannsóknir sýna fram á mikilvægi nánna tengsla við umönnunaraðila, sem oftast eru báðir foreldrar.

Markmið laganna er að tryggja barni samveru við báða foreldra sem er af hinu góða. Lögin mega þó aldrei skyggja á velferð barns þó svo það alist eingöngu upp hjá öðru foreldrinu.

Það verður að hafa í huga þegar fjallað er um fæðingarorlof að einstæðar mæður og börn þeirra hafa verið eftirbátar varðandi lengd fæðingarorlofs. Einstæðar mæður eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi en sambúðar- og hjónabandsforeldrar eiga rétt á níu mánuðum. Þetta þarf að leiðrétta þegar lenging fæðingarorlofs tekur gildi. Börn einstæðra mæðra þurfa jafn mikil og örugg tengsl við umönnunaraðila og önnur börn á mikilvægasta mótunarskeiði bernskunnar.

Það hafa ekki allir foreldrar nýfæddra barna samband sín á milli af ýmsum, mismunandi ástæðum. Faðir sinnir ekki kalli eða það næst ekki í hann svo eitthvað sé nefnt. Í slíkum tilfellum þarf að koma til aukinn réttur fæðingarorlofs til móðurinnar sem annast barn sitt einsömul.

Til þess að svo geti orðið þarf að vera heimild í lögum til að móðir geti nýtt sér ónýttan rétt föður. Þetta er galli á góðum lögum sem þarf að leiðrétta, án þess þó að skemma jafnréttissjónarmið þeirra. Hækkun á hámarksgreiðslu er mikilvæg, en að öll börn sitji við sama borð er mikilvægara.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags einstæðra foreldra

Oktavía Guðmundsdóttir félagsráðgjafi,